

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um tillögu til pingsályktunar um málstefnu íslensks tákn máls.

Landssamtökin Proskahjálpar fagna að setja eigi stefnu um íslenskt tákn mál og telja málið afar brýnt til að tryggja jafna stöðu þeirra sem tala íslenskt tákn mál.

Mikilvægt er að tryggja aðgengi fólks að samfélaginu með tulkapjónustu og að hún sé fullfjármögnuð, m.a. þegar kemur að öllum þáttum sem samningur SP um réttindi fatlaðs fólks kveður á um, s.s. þátttöku í opinberu lífi, menningarlífi, menntun og atvinnu.

Fréttir berast reglulega um erfiðleika heyrnarlausra við að fá túlka vegna fjárskorts. Þetta er ólíðandi enda er það lykillinn að samfélagslegri þátttöku og að fólk geti nýtt sér önnur réttindi sín. Tryggja þarf aðgengi þeirra sem hafa íslenskt tákn mál að móðurmáli að kennslu um móðurmál sitt til jafns við íslensku, t.a.m. málfræði og bókmenntir. Slíkt er aðeins í boði á háskólastigi.

Samtökin vilja ítreka hve mikilvægt það er að tryggja gott samráð við Döff samfélagið á Íslandi, sem hefur verið afar jaðarsett og mátt þola stuðnings- og afskiptaleysi.

Virðingarfyllst.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Proskahjálpar

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála hjá Proskahjálpar